

leyfist listamönnum aftur að vera á stöðugu egóflippi og bykir engin óvirðing við listina! Listin er ekki eithvert fyrirbæri, sem tekur manninn í þjónustu sína eftir eigin henti-semi, eins og konseptmennirnir hneigðust til að álíta, heldur skapar maðurinn hana.“

Þú talaðir um að færa listina aftur til alþýðunnar. Hvernig hefur alþýðan — það er að segja þeir sem ekki eru sjóaðir listskoð-
endur — tekið þínum verkum?

„Alþýðan, já. Það er náttúrulega engin stéttaskipting meðal listskoðenda hér á landi. Alþýðan eru bændur og sjómenn og lögfræðingar og lækmar og allt þar á milli. Ég kvarta ekki, þó auðvitað ætti ég að emja eitthvað eins og aðrir landsmenn. Ég sel svo sem engin býsn og hef ekki getað lifað alveg eingöngu af myndlistinni heldur hef ég kennt dálítið meðfram. En það er líka allt í lagi — ég held ég hafi bara gott af því að kenna, þó maður verði að passa sig á því að gera ekki of mikið af því. Þegar maður er að kenna verður maður að leggja ýmsa hluti niður fyrir sér, sem maður myndi annars ekki velta mikið fyrir sér, og það er ágætt. Auk þess eru nemendur alltaf mjög skemmtilega miskunnarlausir við kennarann sinn — og öfugt. Þeir eru því mjög harðir og góðir gagnrýnendur, enda halda þeir allir að þeir séu séni. Sem betur fer — það er ekkert eins leiðinlegt í listaskóla og nemandi sem ekki er sannfærður um að hann sé séni!“

AÐ Hafa PALLETTIÐ ALLTAF BLAUTT

Myndirnar þínar, hvernig verða þær til? „Á mjög hefðbundinn hátt, býst ég við. Ég byrja oftast nær með einhverjar teikningar eða skissur en hið endanlega málverk ber oft ekki mikinn svip af þeim því ég mála hverja mynd að minnsta kosti fimm, sex sinnum. Hér áður fyrr geymdi ég alltaf ófullgerðar myndir og fór svo að mála í þær aftur seinna en nú er ég farinn að taka ljósmyndir af málverkum sem ég veit að ég á eftir að krukka eitthvað í. Þetta er þægilegra, sparar hreinlega pláss. Svo byrja ég á nýrri mynd á léreftið. Þetta getur endað alla vegar — það er til í dæminu þegar ég er hálfnaður með nýja mynd yfir gamalt uppkast þá láti ég staðar numið; nýja myndin verður þannig allt öðruvísi en þær tvær sem ég hafði í hyggju. Umfram allt þá reyni ég að láta myndina ráða ferðinni, eins og ég orða það gjarnan við nemendur mína. Ég vil gefa myndinni séns, ef svo má segja, þó það kosti að ég verði að bakka með eitthvað af minni visku eða hugmyndum.“

Málarðu mikið — á hverjum einasta degi? „Ég reyni það, já. Það er bara til þess að viðhalda höndinni. Fíðluleikari dettur fljótt úr þjálfun ef hann æfir sig ekki á hverjum degi og eins er um málara. Ég finn það ef ég er ekki símalandi þá missa krullurnar mínar töluvert af þenslu sinni, litirnir dofna. Þar að auki hallast ég að því að mikil vinna sé eina leiðin til þess að ná árangri. Lítum bara á rithöfund eins og Halldór Laxness — eða þá Guðberg Bergsson — sem aldrei fellur verk úr hendi. Kannski ég sé bara að reyna að telja mér trú um að öll þessi vinna sé ekki unnin til einskis en ég reyni alla vegar að hafa pallettið alltaf blautt.“ Daði glottir. „Ég nota að vísu ekki pallett...“

Dauðinn er hreinn og hvítur snjór

Um veturinn í íslenskum ljóðum

Ifari hins norðlæga vetrar er margt, sem menn kviðu. Kuldi, myrkur, einangrun. Orka í fljótum og fossum rann óbeisluð til sjávar fram á síðustu öld, og eldurinn í iðrum jarðar, sem kyndir undir hvera-
vatninu, er nú vermir hífýli þjóðarinnar, var „Íslands

óhamingja, sem varð allt að vopni“.

Bókmenntir Íslendinga segja frá baráttunni við hörku vetrarins. Þær lýsa í senn ógn hans og fegurð.

Fyrsta lýsing á íslenskum vetri mun vera frásögn Landnámu af för Flóka Vilgerðarsonar hingað til lands. Höfundur segir svo frá:

„Þeir Flóki sigldu vestur yfir Breiðafjörð og tók þar land, sem heitir Vatnsfjörður við Barðaströnd. Þá var fjörðurinn fullur af veiðiskap, og gáðu þeir eigi fyrir veiðum að fá heyjanna, og dó allt kvikfé þeirra um veturinn. Vor var heldur kalt. Þá gekk Flóki upp á fjall eitt hátt og sá norður yfir fjöllin fjörð fullan af hafsum. Því kölluðu þeir landið Ísland, sem það hefir heitið síðan.“

Flóki var hinn næsta vetur í Borgarfirði. Þeir sigldu um sumarið eftir til Noregs.

Landnáma er ekki fjölorð um vetrarþrautir Flóka Vilgerðarsonar. En í viðauka Skarðsárabókar er vetrarlýsing, sem fer hér á eftir.

„Óaldarvetur varð mikill á Íslandi í heiðni í þann tíma, er Haraldur konungur féll, en Hákon jarl tók ríki í Noregi. Sá hefir verið mestur á Íslandi. Þá átu menn hrafna og melrakka, og mörg óáta ill var etin, en sumir létu drepa gamalmenni og hrinda fyrir hamra. Þá sultu margir menn til bana, en sumir lögðust út að stela og urðu fyrir það sekir og drepnir.“

Varla er unnt að gefa í jafnfáum orðum áhrifameiri lýsingu á vorhug og vetrarkviða en í ljóðinu „Firdir“ eftir Látra-Björgu. Það skiptist jafnt milli sumars og vetrar. Í fyrri helmingnum ríkir gleði yfir blíðviðri, gæftum og gróandi, þegar allir fá saðningu, en í þeim síðari felst vetrarkviði og dauðabeygjur.

Fagurt er í Fjörðum,
þá frelsarinn gefur veðrið blitt,
hey er grænt í gördum,
grös og heilagriskíð nýtt;

en þá veturinn að þeim tekur sveigja,
stað og engan verri veit
um veraldar reit,
menn og dýr þá deyja.

Ólafur Einarsson lýsir þrautum vetrarins á þessa leið í Ættlaraaldarhætti.

Frost og kuldi kvelja þjóð,
koma nú sjaldan árin góð;
ef inn skal setja allt í ljóð,
auma fæstir rækja;
í æru allir sækja.
Guð minn, guð minn, gæt þú mín
fyrir græzku þín
og lát mig ei löstu flækja.

Bjarni Jónsson tekur í sama streng í Alda-
söng.

Nú dregur fjúk og frost
úr fénaði öllum kost,
oft koma ísar og snjóar,
óár til lands og sjóar,
sumarið, sem menn kalla,
sjást nú fuglarnir varla.

Kvæðið Jarðbann eftir Guðmund Frið-
jónsson lýsir lífsgleði hreystimanns, sem hefur yndi af náttúrunni bæði í blíðu og stríðu. Hríðarbyljirnir, sem eru búnir að færa allt í kaf, yrkja eins og skáldið, og eru ærslafullir eins og baldnir unglingar.

Öll eru nú á kaf kjör,
klaki á rjúpu vinnur.
Ekki nokkurt æti spörr,
út í haga finnur.

Geymir í barmi gráklædd hlíð
gígju linda kátra —
alltaf meðan ærslatið
yrkir kulahlátra.

Menn óttuðust myrkríð, og það jók á
vetrarkviðann.

Það er margt, sem myrkríð veit,
— minn er hugur þungur.

Veturinn er fyrirferð-
armikið yrkisefni í
íslenskum bókmennt-
um og það mundi
ugglaust fylla margar
Lesbækur, væru því
gerð full skil. Hér er
stiklað á stóru og fáein
dæmi tekin um vetur-
inn í íslenskum
bókmenntum


SAMANTEKT
EFTIR SIGURLAUGU
BJÖRNSDÓTTUR

ERLENDAR BÆKUR

DELACORTA: Nana.
Þýðandi: Victoria Reiter.
DIVA.
Þýðandi: Lowell Bair.
Penguin Books 1985.

Það er sem englahjarðir eða púkar þjóti hjá þegar þessar tvær stuttu, hnitmiðuðu, viðburðaríku og stórskemmtilegu bækur eru lesnar. Þetta eru svona nýmóðins reyfarar með hefðbundnum ránum, morðum, kynlífi og að auki mótörhjólum, fíkniefnum og léttum mórál, allt á léttu máli. Stíll höfundar er bráðskemmtilegur, Hemmingway í bland við sjónvarpsauglýsingar, máski ekki annað en skreytilist, design, hönnun, og eins og atvinnumennskan í auglýsingagerð, tískunni, sem sjálfsagt fer að deyja eins og guð hjá Nietzsche, nær höfundur að halda manni fongnum frá fyrstu síðu og aftur á þá síðustu. Og hvað með það, verði þessar bækur skammlífjar, af þeim má hafa gaman meðan þær eru lesnar. Og það má lesa þær aftur og aftur rétt eins og maður er gjarn á að gera komist maður í tæri við glansmyndablöð.

Í þessum tveimur sögum fara sömu per-



sónur með aðalhlutverkið. Það eru þau skóthjú Serge og Alba. Hann undir fertugt, hún þrettán. Þau kynnast í heimaþorpi hennar þar sem hann nýtur lífsins um stund

og saman eiga þau ævintýri sem engum líkjast.

Diva hefur verið kvikmynduð og er kult-filma sem allir sjá.

ALAN PALMER:
The Penguin Dictionary of TWENT-
IETH-CENTURY HISTORY
Second Edition.
Penguin Books 1983.

Hér er handhægt uppsláttarrit sem tekur yfir stjórnmál, hernað, efnahag, félagsleg og trúarleg efni og samskipti þjóða á þessari vorri öld. Ekki er fjallað um listir og leiki í henni né heldur vísindi og hjáfræði.

Það er svo sem ekki margt um rit af þessu tagi að segja í kynningu en það reynist notadrjúgt. Höfundurinn er snjall ágríps-
höfundur og til að mynda nægir honum hálf síða til að koma öllu því helsta um heimskreppuna miklu til skila.

Bókin er rúmar fjögur hundruð síður og

Alan Palmer

The Penguin Dictionary of
**TWENTIETH-CENTURY
HISTORY** 1900-1982



NEW EDITION

gæti ég trúað að pistlarnir væru hátt í þrjú þúsund en hef ekki nennt að gerast svo nútímalegur að telja þá.